

Leiðbeiningar til lífeyrissjóða

Það er hlutverk viðkomandi lífeyrissjóðs að aðstoða sjóðfélaga við samningsferlið og ber því að hafa eyðublöð aðgengileg á vef eða með öðrum hætti.

Ganga skal úr skugga um að öll gögn hafi borist:

- Samningur: Athuga að samningur sé rétt útfylltur, s.s. prósentu, tímabil, undirskriftir.
- Sambúðar og/eða hjúskaparvottorð sem staðfestir það tímabil sem skipta ber samkvæmt samningi.
- Læknisvottorð beggja aðila.

Senda ber læknisvottorð umsækjenda til trúnaðarlæknis með öruggum hætti.

Ef heimild er til skiptingar: Senda samninginn, hjúskaparvottorðið og yfirlýsinguna frá trúnaðarlækninum til Landssamtaka lífeyrissjóða. (Aðalsjóður geymir læknisvottorðin hjá sér)

- Landssamtök lífeyrissjóða senda svo gögn til þeirra lífeyrissjóða sem aðilar hafa greitt til á tilgreindu tímabili.

Lífeyrissjóðir senda bréf til umsækjenda til staðfestingar á því að skipting hafi verið framkvæmd til samræmis við samning aðila.

Ef ekki heimild til skiptingar: Í slíkum tilvikum kann að teljast vönduð málsmeðferð að tilkynna sjóðfélaga um að það sé mat trúnaðarlæknis að viðkomandi aðili sé haldinn sjúkdómi sem dragi úr lífslíkum og gefa aðila færi á að koma á framfæri athugasemdum og frekari gögnum. Þegar endanleg afstaða liggur fyrir tilkynnir lífeyrissjóður umsækjendum um að ekki sé heimilt að skipta ellilífeyrisréttindum og að sú afstaða byggji á fyrirbyggjandi gögnum s.s. mati trúnaðarlæknis sjóðsins á að sjúkdómur dragi úr lífslíkum.